



Nýtt efni á vef félagsins 13. ágúst 2020

Kæru félagar og notendur fræðslu- og námsefnis um *Uppbyggingu ábyrgðar og sjálfsaga*.

Til stóð að frumsýna ykkur nýtt efni á vef félagsins í dag 13. ágúst á áætlaðri 20 ára afmælisráðstefnu félagsins í samvinnu við Háskóla Íslands-menntavísindasvið í Stakkahlíðarhúsum.

Á vef félagsins [www.uppbygging.is](http://www.uppbygging.is) undir hnappnum „Námsefni niðurhal“ eru nú birt nýtt efni:

### Völundarhringur



1. **Völundarhringur**, „*Vandamálið leyst í völundarhringnum*“ á 4 tungumálum þ.e. íslensku, pólsku, spænsku og ensku. Textinn er þýddur af ensku yfir á íslensku, spænsku og pólsku.
2. Með völundarhringnum fylgja kennsluleiðbeiningar á 4 tungumálum.
3. Völundarhringinn má sækja hvort heldur er á A4 eða A3 formi sem JPG-skjal eða PDF-skjal.
4. Völundarhringurinn nýtis vel í vinnu með *Uppbyggingu ábyrgðar og sjálfsaga*, íslenskukennslu sem og kennslu barna, foreldra og starfsmanna með annað móðurmál en íslensku.
5. Völundarhringinn er einnig hægt að stækka upp á dúk, teppi, skólalóðina, eða á hvern þann hátt sem hentar vinnuumhverfinu og aðstæðum hverju sinni.

Grafísk hönnun og uppsetning: Gunnari Júlíussyni.

Textaþýðing: Svanhildur M. Ólafsdóttur, Aðalheiður Jónsdóttur og Iwona M. Samson.

Efnið er byggt á verkum Diane Gossen

Umsjón með útgáfu: Sveinbjörn Markús Njálsson gjaldkeri félagsins Uppbygging sjálfsaga.

Útgefandi: Uppbygging sjálfsaga 2020